

**1089. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 13. janúar 2020
og hófst hann kl. 08:05.**

Fundinn sátu:

Arna Lára Jónsdóttir aðalmaður, Marzellíus Sveinbjörnsson varaformaður og Daníel Jakobsson formaður.

Embættismenn:

Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari og Guðmundur Gunnarsson, bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Þórdís Sif Sigurðardóttir, bæjarritari.

Dagskrá:

1. Gamanmyndahátíð Flateyrar - 2018100040

Lagður er fram tölvupóstur Eyþórs Jóvinssonar, dags. 2. janúar sl., þar sem óskað er eftir langtímasamningi milli Ísafjarðarbæjar og Gamanmyndarhátíðar Flateyrar ásamt uppgjöri seinasta árs.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar felur bæjarstjóra að funda með fulltrúum Gamanmyndahátíðar Flateyrar.

2. Ósk um breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 - stækkun íbúðabyggðar - 2019110057

Lagt er fram bréf Hafsteins Pálssonar, verkfræðings, dags. 18. desember sl., með upplýsingum um endurskoðun hættumatsins.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar felur bæjarstjóra að halda fund með Ofanflóðasjóði vegna heildarframkvæmda í tengslum við ofanflóðavarnir í sveitarfélaginu.

3. Snjómokstur Ísafirði og Hnífsdal, útboð. - 2019100083

Kynnt er tillaga að útboði á vetrarþjónustu í Ísafirði og Hnífsdal.

Tillaga að útboði kynnt fyrir bæjarfulltrúum.

Gestir

Axel Överby Rodriguez, sviðstjóri umhverfis- og eignasviðs - 08:41

4. Mannauðsmál umhverfis- og eignasviðs - 2018010063

Kynnt er minnisblað sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs vegna mannauðsmála tæknideildar.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar felur bæjarstjóra í samráði við sviðstjóra umhverfis- og eignasviðs að vinna að ráðningu starfsmanna á umhverfis- og eignasviði í samræmi við umræður á fundinum.

Axel yfirgefur fundinn kl. 9:07.

5. Stefnumótun í fjármálum, tillaga Í-listans - 2019100028

Umræður um stefnumótun sveitarfélagsins.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar felur bærstjóra að óska eftir að gerð verði sviðsmyndagreining varðandi rekstrarafkomu og skuldir sveitarfélagsins. Formaður bæjarráðs kynnti hugmyndir sínar um hvernig mætti lækka skuldir sveitarfélagsins og felur bærstjóra að vinna málið áfram.

6. Stúdíó Dan ehf. - kaup og rekstur - 2017050073

Lagt fram minnisblað Stefaníu Helgu Ásmundsdóttur sviðstjóra skóla- og tómstundasviðs þar sem lagt er fram að gerður verði viðauki við núgildandi leigusamninga vegna Studio Dan ehf við Styx ehf um húsnæði og Þrúðheimar ehf um rekstur Studio Dan ehf.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar samþykkir að samningurinn verði framlengdur með viðauka til 31. júlí n.k. og felur bærstjóra jafnframt að óska eftir áhugasömum aðilum til reksturs líkamsræktarstöðvar á Ísafirði.

Gestir

Stefanía Ásmundsdóttir, sviðstjóri skóla- og tómstundasviðs - 09:39

Stefanía yfirgefur fundinn kl. 9:48.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:48

Arna Lára Jónsdóttir

Marzellíus Sveinbjörnsson

Daníel Jakobsson

Þórdís Sif Sigurðardóttir

Guðmundur Gunnarsson